

Alþingi
Erindi nr. P 138/2687
komudagur 4.6.2010



Nefndasvið Alþingis
Allsherjarnefnd
b/t Elínar Valdísar Þorsteinsdóttur
nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 4. júní 2010.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 34/1944, um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldarmerkið, með síðari breytingum. (532. mál)

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér breytingar á lögum svo heimilt verði að nota þjóðfánann til markaðssetningar á íslenskri framleiðslu.

Ísland sem vörumerki er að verða þekkt víða um heim ásamt því að merkingar á íslenskum vörum á innlendum markaði eru orðnar mikilvægar fyrir markaðssetningu. Til eflingar þeirri þróun er því næsta skref að heimila notkun íslenska þjóðfánans til að markaðssetja vöru sem sannanlega er íslensk og til eflingar íslenskri framleiðslu og markaðssetningar.

Tvennt ber þó sérstaklega að varast í þessum efnum. Annars vegar að um íslenska vöru sé að ræða en ekki aðeins umpökkun á erlendri vöru og verður því að gera ríka kröfu til uppruna hennar. Hins vegar að tákna fánans sé aðeins notað til að markaðssetja vörur sem halda uppi virðingu hans en sé ekki notað til markaðssetningar sem bendla mætti við neikvæða ímynd. Sé þessu fylgt fast eftir mætti ekki annars ætla en að notkun á íslenska þjóðfánanum til markaðssetningar á íslenskri vöru stuðli að frekari kynningu og sölu á henni.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga.

Virðingarfyllt,

Þórdís Bjarnadóttir
Lögfræðingur
Viðskiptaráð Íslands